

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Laugardalur](#); [Laugardalslaug](#); skipulag@veitur.is
Subject: Bríetartún 3-5 - USK24100004 - auglýsing
Date: fimmtudagur, 9. janúar 2025 13:36:40
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Bríetartún 3-5 - USK24100004, birtist í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu í dag, fimmtudaginn 9. janúar 2025. Tillagan er í kynningu frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/16>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartúnsreitur - Bríetartún 3-5

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. desember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. desember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og nýtingarhlutfall aukið, heimilt verður að bæta tveimur hæðum ofan á núverandi heimildir á norðausturhluta lóðar, bílastæðum er fækkað um 22 stæði og verða engin bílastæði ofanjarðar á lóð. Við ákvörðun um fjölda bílastæða er farið eftir bíla- og hjólastæðareglum borgarinnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum þessa gátt eigi síðar en 20. febrúar 2025**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.